

## Ræðið íslensku Þjóðernishreyfinguna: Hver var kjarninn í hugmyndafræði hennar og hver urðu áhrif hennar? (Framsaga.)

### Ágrip/niðurlag:

Þær Þjóðernishreyfingar, sem urðu til á nítjándu öldinni á meginlandi Evrópu, tvinnuðust saman við Þjóðernis- og sjálfstæðishugsun íslenskra menntamanna, sem einkum urðu fyrir áhrifum frá Þýsk-danskri draumórastefnu (rómantík). En þegar á átjándu öldinni sá Eggert Ólafsson fyrir sér íslenska Þjóð, sem hafði endurheimt Þjóðerni sitt og glæsileika menningar sinnar. Íslenskir menntamenn urðu einnig fyrir áhrifum af hugmyndum um svonefnda félagslega Darwinshyggju, sem styrkti íslenska söguskoðun í þá veru, að á Íslandi byggji „guðs“ útvalda Þjóð, sem fyrir misskilning örlaganna hafði ekki náð að senda geisla sína til umheimsins. En „skín á gull, þótt í skarni liggi.“ Tími íslenskrar afburðarþjóðar er kominn rétt eins og tími Jóhönnu, þrátt fyrir vissan „ómöguleika“ um aldir. Nasistaflokkurinn leið undir lok, en frá hans spíruðu í Sjálfstæðisflokknum og hugmyndafræðilegur arfur hans, Þjóðernisjafnaðarstefnan, sem boðaði altumlykjandi forsjárhyggju, lifir góðu lífi með Þjóðinni og þrífst eins og þúki á fjósbita. Að leiðarlokum: Þjóðernishyggjuna kallaði eðlisfræðingurinn, *Albert Einstein* (1879-1955), barnasjúkdóm eða mislinga mannsins. Það mætti til sanns vegar færa í yfirfærðum skilningi.

### Efnistöð og aðferð:

Umfjöllunin tekur mið að þróun hugmyndanna. Hin stjórnmalalega hlið sjálfstæðisbaráttunnar, baráttunnar fyrir íslensku Þjóðerni og Þjóðríki, verður því látin milli hluta.

Ég mun í aðalatriðum styðjast við rit Jóns Aðils, sagnfræðings, um íslenskt Þjóðerni. (Íslenskt Þjóðerni. Alþýðufyrirlestar. (Rvk., Sigurður Kristjánsson, 1903) (fyrirlestrarnir voru einnig gefnir út undir titlunum, íslenskt Þjóðerni, gullöld Íslendinga og Dagrenning 1903 til 1910 – vísað er til blaðsíðutals í sviga.)

Önnur tveggja aðalheimilda er rit Ásgeirs Guðmundssonar um íslenska Þjóðernishreyfingu. („Nazismi á Íslandi. Saga Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks Þjóðernissinna.“ *Saga XIV* (1976), bls. 5-68.) (Einnig hér er vísað til blaðsíðutals í sviga.) Skrif þeirra um efnið verða rakin og rædd.

### Meginmál:

#### Þjóðernisstefna:

Stefnan er venjulega rakin til Þýskra skálda og fræðimanna á nítjándu öldinni. Allir eru þó ekki á eitt sáttir. Ágreiningur fræðimanna um tímasetningu kemur aðallega til af mismunandi skilgreiningum á fyrirbærinu, þótt flestir tengi upphaf Þjóðernisstefnu við myndun á nútíma Þjóðríkja. Grunnhugmyndir um Þjóðina eru tvær; pólitísk eining og menningarlegt fyrirbæri. (*Ragnheiður Kristjánsdóttir*. Rætur íslenskrar Þjóðernisstefnu. *Saga* 1996, 131-174, bls. 135-136.)

Jón Aðils segir um þetta:

Þar sem upplýsingarstefnan byggði á almennum mannúðargrundvelli, byggði rómantíska stefnan á þjóðlegum grundvelli. Það er þjóðernislögmálið, sem ryður sér til rúms með þessari stefnu. Hennar aðal þýðing er í því fólgin, að hún hjálpar þjóðunum til að finna sjálfar sig. Hún beinir athygli þeirra að fortíðinni, að uppruna sínum, sögu og fornþóknunum, og kveikir við það nýtt líf og nýjan þrótt hjá þeim. (237)

### **Þjóðernisrannsóknir:**

Móðernismi í þjóðernishyggjurannsóknum, sú kenning að pólitísk þjóðernishyggja, óskinn um að mörk þjóðar og ríkis falli saman, hafi lítt eða ekki orðið til fyrr en á nýöld. Spurningar vakna óhjákvæmilega í tilfelli okkar Íslendinga um það frelsi sem forvígismenn sjálfstæðisbaráttunnar þóttust vilja sækja í greipar Dana. (*Gunnar Karlsson*. Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830 – 1944 (109-134), bls.127. Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009.)

### **Hugtakið Íslendingur:**

Hugtökin Ísland og Íslendingar koma fyrir í dróttkvæðum frá tíundu og elleftu öld. Frá og með 12. öld fara konungar á Norðurlöndum að efla samstöðu þegna sinna. Áður var föðurlandið einungis það land sem átti sér sameiginlegt þing.

Íslenskt þjóðerni skipti máli fyrir þá sem voru staddir í erlendu umhverfi og þegar þjóðin þurfti að koma saman til að bregðast við erlendu áreiti. Fyrir 1262 voru íslenskir bændur þjóð erlendis en eftir það þurftu þeir líka að vera það heima hjá sér. Að því leyti markar árið 1262 upphaf íslensks þjóðernis.“ (*Sverrir Jakobsson*. Hvers konar þjóð voru Íslendingar á miðöldum? Skírnir, 173. árg., vor 1999, bls. 140.)

### **Íslensk þjóðernishyggja:**

Þjóðernishyggja 19. aldar; vildi hún viðhalda fornum þjóðarsíðum og þjóðareinkennum og endurvekja það af slíku tagi sem hefði glatast í tímans rás, einkum ef það hafði glatast vegna útlendra áhrifa og yfirráða. Á hinn bóginn var þjóðernisstefnan líka nývæðingarstefna [modernisation] og framfarastefna [positivism]. (*Gunnar Karlsson*, Saga Íslands IX, Hib, Rvk. 2008, bls. 255.)

### **Uppruni Íslendinga:**

Íslendingar eru búnir til úr tveim úrvalsstofnun; þ.e. Keltum og Norðmönnum. *Jón Aðils Jónsson*, sagnfræðingur, ritaði töluvert á fræðilegum grunni um uppruna og þjóðerni íslendinga. Jón telur mannval mikið hafa byggt Ísland, ríkt að atgjörvi, lærdómi, menningu og þjóðerniskennnd. Hann segir:

„Hér á Íslandi blönduðu þessir tveir kynþættir blóði [Keltar og Norðmenn]. Hér rann saman í eitt andlegt fjör, hugvit og snild Keltanna, og djúpskyggi, staðfesta og viljaprek Norðmannanna, og fæddi af sér þjóðlíf, sem varla hefur átt sinn líka í sögunni.“ (49)

Í Hafursfjarðarorustu var mest mannval saman komið á mót Haraldi konungi. Þau þrjú fylki, sem aðallega héldu þar upp vörninni, stóðu lang fremst í menninga af öllum fylkjum í Noregi, og var það að (21) þakka viðskiftum þeirra við Vesturlöndin, sem áður er minnst á. Þaðan höfðu víkingaflokkar farið vestur um haf og sótt gull og

gersimar til keltnesku þjóðanna. En þeir sóttu um leið það sem meira er í varið, og það var menning og mentaprá og andleg áhrif í ýmsar áttir. Það eitt sýnir nægilega samband þessara fylkja við Vesturlöndin, að fjölda margir menn komu vestan um haf til að berjast á móti Haraldi konungi í Hafursfirði. (22) ...

Í fornritum vorum er oft getið um man, bæði þræla og ambáttir, og um margt af því er tekið fram, að það hafi verið af írsku kyni. ... Nú mega menn ekki ætla, að þetta man hafi alt verið þýbórið, eða yfir höfuð að tala af auðvirðilegum uppruna. Það var oft af göfugum ættum, jafnvel jarlborið og konungborðið, ... (38) ...

Írskir klerkar og klaustramenn lögðu sig ekki eingöngu eftir latínu, heldur einnig eftir grísku og hebresku. Þeir hófu fyrstir manna fornrit Grikkja, þennan gimstein alheimsbókmenntanna, upp úr gleymsku og niðurlæginu og auðguðu anda sinn og þekkingu á lestri þeirra. Eftir það skifti svo um, að hver mentakynslóðin á fætur annari hefur nú öld eftir öld ausið þaðan sína beztu undirstöðufræðslu.

Írar voru hugvitsmenn hinir mestu í alls konar listum og snillingar í höndunum. Fornar írskar skinnbækur eru skreyttar hinum margbrotnustu listadráttum, svo óviðjafnanlega vel gerðum, að það ber að fegurð og snild af flest öðru, sem fram hefur komið í þeirri grein alt fram á vora daga. Þeir voru líka lista-smiðir á alla málma og greyptu svo fagurlega alls konar skrautmyndir á smíðisgripi sína, að afbragð þótt meðal annara þjóða. (46)

### **Ættjarðarást og þjóðernistilfinning:**

Jón Aðils Jónsson segir um ættjarðarástina:

Hún laðar og lokkar í vorblænum, þegar hann leikur um vangann; hún töfrar og seiðir í öldunum, þegar þær gnauða við borðstokkinn; hún vekur já þeim megnast óyndi og sleppir ekki tókunum fyr en þeir snúa stafni heim. (66) ... Hún brann stöðugt eins og heldur fórnareldur í hjörtum landsins beztu sona og var þeirra tryggast vörn gegn öllu því, sem á nokkurn hátt gat miðað til að hnekkja þjóðarsjálfsæðinu. (71)

Þjóðernistilfinningin deyr aldrei út. Hún rénar aða vísu og dofnar annað veifið og lætur aðeins örlítið á sér bera, en reisir þó stöðugt höfuðið á milli og lætur heyra sína gjallandi viðvörunarröddu, þegar sem mestur voði vofir yfir þjóðinni. (1) ...

### **Hin glataða gullöld:**

Íslendingar áttu sína glæstu fornöld, sem glataðist:

Söguöldin er gullöld Íslendinga. Hún er það tímabil í sögu þeirra, sem ól göfugri og þrekmeiri kynslóð en nokkurt annað fyr eða síðar. Við hana eru hnýttar þjóðarinnar dýrustu endurminningar. Hvar sem litið er, þá blasir við augum þjóðlíf í fylsta og fegursta blóma. Framkvæmdaþrekið, hreystin og hugprýðin haldast þar í hendur við mannúð og göfuglyndi. Sterkar og djúpar tilfinningar eru þar tengdar ráðsnild og hyggjuviti. Hagsýni og dugnaður í veraldlegum efnum eru þar samfara mentaprá og fegurðarsmekk. Það er eins og víkingalíf fornaldarinnar sé endurvakið í allri sinni fjölbreyttu dýrð, en um leið með nýjan og göfugan siðmenningarblæ yfir sér. (79)

Með siðaskiptunum verður svartnætti í lífi þjóðarinnar að dómi Jóns Aðils:

Það er engu líkara en að dimmi af nótt í lífi þjóðarinnar eftir siðaskiftin, og þessi nótt grúfir yfir svört og þungbúin alt fram á 18. öld. Það er eins og síðustu leifarnar af kjark og þreki og sjálfstæði líði undir lok, og jafnvel tunga þjóðarinnar er orði spilt og dönskublandin. En í náttmyrkrinu má þó öðru hvoru eins og sjá rofa fyrir stjórnun í fjarska. Það er leiðarstjarna þjóðarinnar gegn um hættur og hafvillur, - þjóðernistilfinningin. (179-180)

En þjóðernistilfinningin er vakin af Eggerti Ólafssyni, sem var hrifnæmur upplýsingarmaður:

Enn sem komið er hefur ekki sá maður fæst hér á seinni öldum, að einum undanskildum, sem verðugri sé en hann til að skipa öndvegissessinn í hjarta þjóðarinnar. Hann er sannkallaður þjóðræknispostuli, og eigi nokkur maður skilið, að nafn hans sé letrað á gullspjald og varðveitt inst í helgidómi þjóðarinnar, þá er það Eggert Ólafsson, því með ljóðum sínum kvað hann þjóðina til lífsins aftur. (237)

### Íslensk þjóðernishreyfing:

Þegar öldur hafði lægt í átökunum um sjálfstæði þjóðarinnar og flokkar fóru að skipast í það horf, sem við þekkjum í dag, þ.e. fjórflokkurinn (Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Sósíalistaflokkur/Alþýðubandalag), fór að örla á skipulagðri þjóðernishreyfingu (þ.e. annarri en Sjálfstæðisflokknum).

Ásgeir Guðmundsson hefur skrifað ritgerð um efnið. Framsetningu hans er fylgt.

Þjóðernishreyfing Íslendinga stofnuð apríl 1933, fyrsti landsfundur 10. mars 1934, en tveim árum fyrr, þ.e. 1932, hafði Jón H. Þorbergsson, bóndi Laxamýri, S-Þing, gefið út bæklinginn: Þjóðstjórnarflokkur. Drög að stefnuskrá.

Þannig 11. mars sameinast Þjóðernishreyfingin flokki þjóðernissinna (nasistaflokknum) sem var stofn 2.jan. 1934. Flestir flokksmanna voru flokksbundnir í Sjálfstæðisflokknum eða töldu sig Sjálfstæðismenn. Þeir hurfu til síns heima, þegar Nasistaflokkurinn lagði upp laupana 1938/1939, en fundahöld héldu áfram til 1944. Flokkurinn gaf út blaðið Ísland. Einkunnarorð Íslandi allt. Starfandi var einnig félag þjóðernissinnaðra stúdenta við HÍ, sem gaf út tímaritið Mjólnir. Aðalhugmyndafræðingur þess, Birgir Kjaran, var síðar einn helsti hugmyndafræðingur Sjálfstæðisflokksins á tímabili. Enn þá eitt félag starfaði um tíma: Félag ungra þjóðernissinna, stofnað 9. sept. 1933, landsmálafélagið Þórshamar.

Hugmyndafræðilegar uppsprettur þjóðernissinna voru verk Jóns Aðils, sagnfræðings, rit *Guðmundar Finnbogasonar*, sálfræðings, og rit dansk/þýska leiðtoga danskra nasista, sem var þýskmenntaður læknir *Frits Clausen* að nafni. Hefti hans, Þjóðernis-jafnaðarstefnan. (Rvk. 1926, Þjóðvörn) (1893-1947) var þýdd á íslensku. Clausen sótti að einhverju leyti innblástur til danska fræðimannsins og klerksins, *Nikolai Grundtvig*, sem lagði ofuráherslu á norræna goðafræði og þýðingu hennar fyrir þjóðernið, að ógleymdri mikilli áherslu á kristna trú. Clausen segir m.a. (síðutal í sviga):

Þjóðernið er ekki sama og þjóðastofninn eða kynþátturinn, heldu stafar þjóðernið frá þjóðastofninum, sem hver þjóð er af, alveg eins og tónarnir, sem koma frá hljóðfærinu fara eftir efni og gerð hljóðfærisins, sem þeir koma frá. (15) ...

En ofan við hin ólífrænu lögmál efnisins á þjóðernis-jafnaðarstefnan samleið með og sameinist hinum trúarlegu kröftum og þeirri mannúðartilhögun, sem Kristur kemur með í fagnaðarboðskap sínum og lífsfyrirmynd, sem hefir lýst upp og gert andlega bjart yfir löngum tímabilum í sögu alþýðu vorrar, og sem er hin æðsta og hreinasta manndómshugsjón, sem til er. (47) ...

Frjófruman verður til af heild líkamans, og út af henni vaxa svo aðrar frumur, er byggja upp líkamann og mynda hann. Á þennan sama hátt verkar einnig hin þjóðlega hugsjón meðal fólksins, á þann hátt, að einstaklingurinn hefir fengið hæfileika til að móta efnivið þjóðfélagsins og gera hann að einum þjóðarlíkama, og sem þar með öðlast leiðsögn og forustu, þar sem leiðtoginn er beinlínis einskonar táknmynd af hugsjóninni og fylgi hans er framkvæmd hugsjónarinnar innan hinnar skipulögðu heildar, þar sem hugsjónin er ráðandi. Þannig verður þjóð að ríkisheild,... (49)

Eins og hér um bil gefur að skilja kynngimagnast hugsjónir fólksins í nasistaflokknum og leita sér farvegs í leiðtoga fólksins.

Íslenski nasistaflokkurinn stefnir að sjálfstöðu að forustu fyrir Íslendingum, enda þótt aldrei hefði greinilegur leiðtogi risið upp innan hans. Í stefnuskrá íslensku þjóðernishreyfingarinnar var m.a. lögð rík áhersla á íslenska menningu og hreinleika þess kynstofns, sem Jón Aðils (og raunar fleiri, m.a. Guðmundur Finnbogason) höfðu lýst sem afburðakynstofni. Þar segir (síðtölur úr grein Ásgeirs):

„Vjer krefjumst eflingar íslenskrar menningar á þjóðlegum grundvelli. ... Vjer krefjumst, að í heilbrigðismálum sje þess framar öllu gætt, að kynstofninn spillist eigi af völdum arfgengra sjúkdóma. Heilbrigði þjóðarinnar sje vernduð og eflað á grundvelli mannbótakynfræðinnar (Rassenhygiene, Eugenik). (11) Þetta endurómar síðar í stefnuskrá Flokks þjóðernissinna.

Áðurnefndur hugmyndafræðingur þjóðernissinna og Sjálfstæðismanna, Birgir Kjara, skrifar í Mjölni, málgagni þjóðernissinnaðra stúdenta við HÍ. okt/nov 1935:

„Fjölnismenn eru löngu horfnir, en starf þeirra lifir. Þær tilfinningar, sem þeir vöktu hjá þjóðinni, hafa aldrei kulnað út með öllu. Við minnumst bezt aldarafmælis barátturits þeirra, Fjölnis, með því að dusta úr okkur drungann og ganga í raðir þjóðernissinna, sem munu ljúka því verki, sem Fjölnismenn hófu, að gera Ísland að farsælda fróni.“ (45)

Nasistaflokkur Þýskalands er hin stóra fyrirmynd. Þann 18. júlí 1936 ritar Jón Þ. Árnason, formaður Félags ungra þjóðernissinna í Íslandi:

Við íslenzkir þjóðernissinnar getum hvar sem er, hvenær sem er, og hvernig sem á stendur, viðurkennt Þýzkaland sem þann vettvang, sem við sækjum fyrirmyndir okkar á, en á hinn bóginn neitum við því harðlega, ef einhverjum skyldi detta í hug að halda því fram, að við sækjum þangað fyrirsmæli. Við dáum forystumenn þýzku þjóðarinnar

og óskum þess af heilum huga, að okkar þjóð, íslenska þjóðin, megi verða svo gæfusöm að eignast nokkra slíka, það er allt og sumt. (46)

En slíkir leiðtogar komu ekki fram á sjónarsviðið. Ásgeir telur, að samvöxturinn við Sjálfstæðisflokkinn hafi skipt máli. Hann segir:

Erfitt er að gefa viðhlítandi skýringu á því, að Flokkur þjóðernissinna hlaut jafn lítið fylgi og raun bar vitni, en þó má benda á, að flokkurinn var að því leyti ólíkur öðrum nazistaflokkum, að hann skorti óumdeildan foringja. Þau fimm ár, sem hann starfaði, gegndu fjórir menn starfi flokksformanns. Sennilega hefur það átt sinn þátt í, hve flokknum varð lítið ágengt, að hann hafði ekki yfir að ráða forystumönnum, sem höfðu til að bera persónutöfra og gátu náð til fjöldans. Ein skýring á fylgisleysi flokksins er sú, að honum tókst ekki að vinna kjósendur frá Sjálfstæðisflokknum, en helzt var við því að búast, að þjóðernissinnar fengju fylgi þaðan. Athyglisvert er, að þeir kenndu jafnan Sjálfstæðisflokknum um, hve lítið fylgi flokkurinn fékk. ...

Því hefur oft verið haldi fram, að félagar í Flokki þjóðernissinna hafi nær eingöngu komið frá efnuðum heimilum á þeirra tíma mælikvarða. Þetta er ekki allskostar rétt. Að vísu kom allstór hópur flokksfélaga úrslíku umhverfi, en auk þess voru í flokknum iðnnemar, verzlunarmenn, iðnaðarmenn, sjómenn og verkamenn. Þá má benda á, að sjálfir lýstu þjóðernissinnar sér sem „nokkrum ungum umkomulitlum mönnum“. Að öllu samanlögðu virðist mega draga þá ályktun að allmargir þjóðernissinnar hafi verið ungir og efnalitlir menn, sem höfðu margir hverjir lítillar skólagöngu notið. Þeir voru áánægðir með hlutskipti sitt í lífinu og mótmæli þerra komu fram í því, að þeir gengu í flokk þjóðernissinna og vildu rífa til grunna ríkjandi þjóðskipulag og reisa á rústum þess nýtt og betra þjóðfélag. En það var ekki eingöngu óánægja, sem olli því, að menn gengu í flokkinn, heldur líka aðdáun á Adolf Hitler og þýzka nazismanum. Ýmsir trúðu því í einlægni, að nazisminn væri lausn á vandamálum mannkynsins og væri það, sem koma skyldi.“ (60-61)

